

**AUGLÝSING****um viðauka og breytingar nr. 8 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.**

Frá og með 28. desember 1967 ganga í gildi breytingar útgefnar í dag á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1967.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

Jón Thors.

Nr. 177.

21. desember 1967.

**AUGLÝSING****um viðauka og breytingar nr 5. við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.**

Frá og með 1. janúar 1968 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 5, útgefnar í dag, við sérlyfjaskrá, útgefna 30. september 1965.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1967.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

Jón Thors.

Nr. 178.

21. desember 1967.

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Garðahreppi.**

Fasteignaskatt í Garðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1967.*

**Magnús Jónsson.**

Hjálmar Vilhjálmsson.